

## AUGLÝSING

### um deiliskipulagsbreytingar í Reykjanesbæ.

Í samræmi við 44. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 hefur bæjarstjórn Reykjanesbæjar þann 21. febrúar 2017 samþykkt eftirfarandi deiliskipulagsbreytingar:

1. *Breyting á deiliskipulagi Valhallarbraut 869.*  
Breytingin felst í því að byggingarreitur er færður 3 m til norðurs.  
Málsmeðferð var skv. 3. mgr. 44. gr. skipulagslaga nr. 123/2010.
2. *Breyting á skipulagi Hafnargötu 65.*  
Breytingin felst í að einbýli er breytt í gistiheimili og bílageymslum á lóðunum Hafnargötu 65 og 67 einnig breytt í gistiheimili.  
Málsmeðferð var skv. 2. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010.

*Reykjanesbæ, 26. júní 2017.*

**Kjartan Már Kjartansson**  
bæjarstjóri.

---

B-deild – Útgáfud.: 12. júlí 2017